

Tillaga til lagabreytinga

Lög KSÍ

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á lögum KSÍ.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstríkað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögina er **rauðmerktar**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

LÖG KNATTSPYRNUSAMBANDS ÍSLANDS

V. STJÓRN KSÍ

17. grein - Kosning stjórnar KSÍ

17.2 Þeir sem bjóða sig fram til embættis sem kosið er um samkvæmt grein 17.1. skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða skattalögum. Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar. Þeir sem kosnir eru í stjórn KSÍ og þeir sem kosnir eru til vara í stjórn KSÍ, ~~að undanskildum fulltrúa ÍTF~~, skulu ~~hvorki ekki~~ vera í launuðu starfi hjá aðildarfélögum KSÍ. ~~né sitja í stjórnnum eða vera formaður ráða þeirra.~~

Greinargerð

Á síðasta ársþingi var samþykkt að breyta lögum KSÍ í þá veru að stjórnarmenn aðildarfélaganna eða formenn ráð innan þeirra ráða gætu ekki gefið kost á sér í stjórn KSÍ. Ljóst er að með þeirri ráðstöfun er einfaldlega verið að koma í veg fyrir að aðilar með mikla reynslu innan hreyfingarinnar og aðilar sem eru virkir innan hreyfingarinnar, geta ekki gefið kost á sér til setu í stjórn KSÍ sem þýðir þá að hugsanlega reynslumestu aðilarnir eru ekki kjörgengir til að taka þátt í að stjórn knattspyrnuhreyfingunni á Íslandi.

Afar lítil hætta er á hagsmunaaðrekstrum þó svo að einstaka stjórnarmenn aðildarfélaganna sitji í stjórn KSÍ þar sem málefni einstakra félaga eru sjaldnast til umræðu eða afgreiðslu þar. Málefni einstakra félaga eru nánast alltaf tekin fyrir í þar til bærum nefndum á vegum sambandsins, s.s. aga – og úrskurðarnefnd, samninga – og félagaskiptanefnd, leyfisnefnd o.s.frv. eða í þar til bærum dómstólum.

Það er mikilvægt að sú þekking og sú reynsla sem oftast er ekki býr í stjórnnum og ráðum aðildarfélaganna sambandsins sé ekki útilokuð frá þátttöku í stjórnun knattspyrnuhreyfingarinnar í heild og því eðlilegt að þessi breyting verði gerð á lögnum.

Stjórn ÍTF